

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1997

4. apríl 1997

427

Nr. 210

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum í norðanverðum Breiðafirði.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita, frá og með 8. apríl til og með 23. apríl 1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.